



Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
101 Reykjavík

### **Minnisblað til menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs um útboð á þjónustu við siglingar og veitingarekstur í Viðey**

Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur umsjón með starfsemi og rekstri þjónustu í Viðey, þar með talið að halda utan um samninga varðandi ferjusiglingar og veitingarekstur.

Síðasti samningur var við Eldingu og rann hann út vorið 2020. Í ljósi aðstæðna vegna Covid-19, þar sem mikil rekstraróvissa ríkti, veitti innkauparáð Reykjavíkur Borgarsögusafni heimild til framlengingar gildandi samnings út árið 2021. Vinna við gerð nýrra útboðsgagna, undir handleiðslu innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, hófst sumarið 2021 en lauk ekki fyrr en skömmu eftir áramótin síðustu. Opinbert útboðsferlið er hafið og þegar hefur verið auglýst eftir tilboðum í umrædda þjónustu. Um er að ræða samkeppnisútboð á sérleyfi í skilningi laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og sérleyfisreglugerð nr. 950/2017. Kaupandi telur virði samningsins vera undir viðmiðunarfrjárhæðum sérleyfissamninga, en áréttar frelsi til að auglýsa opinberlega ferli sem eru undir útboðsskyldu. Samið verður við einn rekstaraðila um báða þjónustupætti, siglingar og veitingarekstur og vænst er að niðurstöður liggja fyrir í mars.

Markmið Reykjavíkurborgar er að Viðey verði enn betur þekkt sem áhugavert útivistarsvæði og einstakur vettvangur sögu, náttúru og menningar. Yfirlýst stefna er að Viðey sé áhugaverður og aðgengilegur áfangastaður sem laðar að borgarbúa og ferðamenn með sérstaka áherslu á fjölskyldufólk allt árið um kring.

Guðbrandur Benediktsson,  
safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur